

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Sveitarfélagið Ölfus.

1) Land Grásteins 1, úr landi Valla, Ölfusi. Deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. janúar 2009 samþykkt deiliskipulag er nær til lands Grásteins I, úr landi Valla, Ölfusi, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð. Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt sbr. lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss heimilar auglýsingu á deiliskipulagi fyrir land Grásteins 1, Ölfusi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlagarla nr. 73/1997.

Aðkoma að landinu er frá Suðurlandsvegi, vegur nr. 1, um Vallarveg nr. 3937. Samkvæmt aðalskipulagi er heimilt að vera með íbúðabyggð og iðnað á þessu svæði. Byggingarreitur fyrir íbúðahús á 1-2 hæðum. Mænishæð fyrir lóð 4 og 5 er allt að 8 m frá gólfplötu og fyrir lóðir 1, 2 og 3 allt að 6,3 m frá gólfplötu. Pakhalli skal vera á bilinu frá 15° til 45° . Innan reitsins er heimilt að byggja allt að 400 m² hús með bílgeymslu ásamt smáhýsi allt að 15 m² með veggħæð um 2,2 m.

Byggingarreitur fyrir iðnaðarhús, fyrir léttan iðnað. Mænishæð fyrir lóð nr. 1 er 6,3 m og fyrir lóð nr. 2 og lóð nr. 3, 8 m. Pakhalli verði á bilinu 14° til 45° og heimilt að byggja iðnaðarhús allt að 1.200 m² að grunnfleti.

2) Miðbærinn í Þorlákshöfn. Deiliskipulag.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 29. janúar 2009 samþykkt deiliskipulag er nær til miðbæjarins í Þorlákshöfn, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt af Skipulagsstofnun sbr. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlagarla nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Athugasemdir bárust á kynningartímanum. Athugasemdir við að byggja ofan á Selvogsbraut 41 eru frá nágrönum. Samþykkt er að gerð verði breyting á texta í aðalskipulagstillöggunni, Verslun/þjónusta/skrifstofur, þar sem segir að gert sé ráð fyrir að byggja megi ofan á Selvogsbraut 41 eina hæð undir skrifstofur, verslun og þjónustu. Þessi kafli fellur niður þannig að í tillöggunni kemur ekki fram breyting á Selvogsbraut 41 um meira byggingarmagn. Málsmeðferð er skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlagarla. Uppdráttur er samþykktur með þessum breytingum.

Tillagan miðar að því að við nýtt Ráðhústorg rísi blönduð byggð íbúða, þjónustu og verslana með góðum tengingum við torgsvæði og gönguleiðir.

Gert er ráð fyrir að ný stofnbraut inn í bæinn frá Suðurstrandarvegi, Ölfusbraut, myndi hringtorg norðan við miðbæjarreitinn og greinist þar í tvennt. Selvogsbraut mun liggja um miðbæjarreitinn en gert er ráð fyrir að við miðbæjarreitinn breytist hún á kafla í vistgötu með 30 km á klst. hraðatakmörkunum.

Greinargerðir og uppdrættir varðandi deiliskipulag skv. tl. 1 og 2 hér að ofan hafa hlutið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 11. febrúar 2009.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.